

REGLUGERÐ**139**

15. okt.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn í Patreksfirði,
nr. 191 22. nóv. 1949.

1. gr.

Öll vörugjöld, samkvæmt 26. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. október 1958.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ**140**

16. okt.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 80 2. júní 1958.

1. gr.

a-liður 26. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Gjald af bryggjum bæjarsjóðs. — Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki eða við skip, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring, 20 aura af hverri brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 20.00 í hvert sinn. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.